Skoðunarmaður/endurskoðandi: Skúli Svanur Júlíusson, kt. 010765-3909, Sóltúni 5, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024005549

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Einlitt ehf.**

Kt.: 510324-0480.

Heimili og varnarþing: **Asparteigi 3, 270 Mosfellsbær.**

Dagsetning samþykktar er: 6. mars 2024.

Stofnendur: Guðmundur Gauti Sigurðarson, kt. 030595-2389, Asparteigi 3, 270 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. mars 2024.

Stjórnarmaður: Guðmundur Gauti Sigurðarson. Varastjórn: Sigurður B. Guðmundsson, kt. 040165-2909, Asparteigi 3, 270 Mosfellsbær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Guðmundur Gauti Sigurðarson.

Prókúruumboð: Guðmundur Gauti Sigurðarson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Birgir Magnússon, kt. 060580-4059, Bretland.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Framleiðsla á skartgripum, leðurvörum og annarri tiskuvöru en einnig lána og fasteignastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024005550

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Veldix ehf.**

Kt.: 520324-1430.

Heimili og varnarþing: **Sunnubraut 30, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 1. mars 2024.

Stofnendur: Ívar Örn Lárusson, kt. 180285-2969, Sunnubraut 30, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. mars 2024.

Stjórnarmaður: Ívar Örn Lárusson. Varastjórn: Telma Ingibjörg Sigurðardóttir, kt. 180580-5309, Sunnubraut 30, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Ívar Örn Lárusson.

Prókúruumboð: Ívar Örn Lárusson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Viðar Viðarsson, kt. 210356-3639, Skjólbraut 13A, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Framleiðsla á iðnaðargasi til endursölu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024005551

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Komaro ehf.**

Kt.: 550324-0160.

Heimili og varnarþing: **Álalind 16, 201 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 12. febrúar 2024.

Stofnendur: Olga Jelkina, kt. 260986-5709, Álalind 16, 201 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. febrúar 2024.

Stjórnarmaður: Olga Jelkina. Varastjórn: Sergejs Serebrennikovs, kt. 271083-4249, Jörfabakka 16, 109 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Olga Jelkina.

Prókúruumboð: Olga Jelkina.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ræstingaþjónusta, smíðavinna og önnur verktakastarfsemi, rekstur, eignarhald og útleiga húsnæðis, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2024005552

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hellugarðar verktakar ehf.**

Kt.: 510324-2180.

Heimili og varnarþing: **Suðurhólum 22, 111 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 9. febrúar 2024.

Stofnendur: Björn Steinar Sigurðsson, kt. 010590-2809, Haukahlíð 3, 102 Reykjavík, Víkingur Ívar Einarsson, kt. 300787-2319, Suðurhólum 22, 111 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. febrúar 2024.

Stjórnarmaður: Víkingur Ívar Einarsson. Varastjórn: Björn Steinar Sigurðsson.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Víkingur Ívar Einarsson.

Prókúruumboð: Víkingur Ívar Einarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ingibjörg Valdimarsdóttir, kt. 070273-3069, Hólmaflöt 1, 300 Akranes.

Hlutað kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verktakastarfsemi í hellulögnum, garðvinnu, byggingarvinnu og öðru því tengdu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2024005553

Útgáfud.: 2. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Haghamar ehf.**

Kt.: 610324-1420.

Heimili og varnarþing: **Klettakór 1C, 203 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 12. mars 2024.

Stofnendur: Elís Guðmundsson, kt. 020792-2059, Klörustöðum, 276 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. mars 2024.

Stjórnarmaður: Elís Guðmundsson. Varastjórn: Elísa Gróa Steinþórsdóttir, kt. 190294-2189, Klettakór 1C, 203 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Elís Guðmundsson.

Prókúruumboð: Elís Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri.

Hlutað kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis og tengd ráðgjafastarfsemi auk eignarhalds á fasteignum, verðbréfum og eignarhlutum í félögum og tengd starfsemi, þ.m.t. lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024006664

Útgáfud.: 27. mars 2024

Innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa

Þann 2. febrúar 2024 féllst endurskoðendaráð á beiðni Gunnars Rafns Einarssonar, kt. 120649-4189, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Þann 21. mars 2024 féllst endurskoðendaráð á beiðni Jóns Sigurðar Helgasonar, kt. 050269-3619, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Endurskoðendaráð,

21. mars 2024.

(2024005588

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík*Stefndi:* Björn Björnsson, kt. 290359-7329, 727 með óþekkt heimili í Danmörku.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6.975.772 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 404.111 frá 1. september 2021 til 1. mars 2022, en af kr. 494.147 frá þeim degi til 2. júlí 2022, en af kr. 6.975.772 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-64559.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Þegar stefndi sótti um námslán hjá stefnanda veitti hann Gunnhildi Jóhannsdóttur, kt. 231029-2229, fullt og ótakmarkað umboð til að annast lántöku hjá stefnanda og til að undirrita fyrir sína hönd skuldabréf til tryggingar námslánun. Umboðsmaðurinn veitti síðan í krafti umboðs síns Birni Mekkinossyni tímabundið umboð til að skrifa undir skuldabréf til tryggingar námsláni fyrir sína hönd sem umboðsmaður stefnda.

Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu 23 skuldabréfa á árunum 1984-1986 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: nr. T- 16868 kr. 311.174, nr. T-1846 kr. 86.700, nr. T-21292 kr. 128.400, nr. T-23628 kr. 65.000, nr. T-23629 kr. 93.400, nr. T-26429 kr. 31.000, nr. T-30596 kr. 83.700, nr. T-31866 kr. 115.000, nr. T-37220 kr. 59.600, nr. T-40658 kr. 60.500, nr. T-40806 kr. 60.600, nr. T-41802 kr. 111.700, nr. T-41803 kr. 70.700, nr. T-43728 kr. 77.600, nr. T-43729 kr. 56.500, nr. T-47.993 kr. 74.400, nr. T-51529 kr. 77.500, nr. T-53318 kr. 117.500, nr. T-58572 kr. 75.100, nr. T-59379 kr. 90.138, nr. T-65631 kr. 32.400, nr. 65632 kr. 76.400 og nr. T-65853 kr. 63.100.

Þegar stefndi sótti um námslán hjá stefnanda giltu um námslán og umsókn hans lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Samkvæmt 7. gr. laganna eru lán stefnanda verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar sem greiðsla fer fram.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok skv. lögnum. Eftir námslok voru öll T-skuldabréfin reiknuð til sameiginlegrar vísitölu og innheimt í einu undir sérstöku lánsnúmeri S-901949, en í 2. málslíð 3. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um að reikna lánin til einnar skuldar. Var fjárhæð hvers T-skuldabréfs uppreiknuð miðað við grunnvísitölu skuldabréfanna til lánskjaravísitölu þess

mánaðar sem lánin voru reiknuð til einnar skuldar í janúar 1990 en lánskjaravísitala í janúar 1990 er 2.771 stig. Sú vísitala myndar grunnvísitölu við útreikning á T-skuldabréfunum undir númerinu S-901949. Reiknast svo:

númer láns	lánsfjárhæð	gr. vísitala	uppreikn. m.v. vt. jan. 1990
T-16868	311.174	865	996.836
T-18446	86.700	879	273.317
T-21292	128.400	910	390.985
T-23628	65.000	938	192.020
T-23629	93.400	938	275.918
T-26429	31.000	1006	85.389
T-30596	83.700	1050	220.888
T-31866	115.000	1050	303.490
T-37220	59.600	1119	147.589
T-40658	60.500	1144	146.543
T-40806	60.600	1144	146.785
T-41802	111.700	1178	262.751
T-41803	70.700	1178	166.307
T-43728	77.600	1266	169.850
T-43729	56.500	1266	123.666
T-47993	74.400	1337	154.198
T-51529	77.500	1396	153.834
T-53318	117.500	1396	233.232
T-58572	75.100	1432	145.323
T-59379	90.138	1432	174.422
T-65631	32.400	1472	60.992
T-65632	76.400	1472	143.821
T-65853	63.100	1472	118.784
		Samtals	5.086.942

Fyrsti gjalddagi var 1. mars 1990. Vanskil urðu á gjalddaga 1. september 2021 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 2. júní 2022.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
1.september 2021	404.111
1. mars 2022	90.036
2. júní 2022	6.481.625

Eða alls kr. 6.975.772 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefnda er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi er með skráð lögheimili í Danmörku hjá Þjóðskrá Íslands. Stefnandi leitað að heimili stefnda í Danmörku án árangurs. Samkvæmt leit á veraldarvefnum var vísbending um að stefndi byggi í Bandaríkjunum. Stefnda var gefin á á hendur stefnda á því heimilisfangi og birting reynd í Bandaríkjunum, en án árangurs þar sem stefndi bjó ekki á uppgefnu heimili. Ekki fannst annað heimilisfang hjá stefnda í Bandaríkjunum. Ekki er til miðlæg skrá í Bandaríkjunum yfir heimilisföng og bandaríska ráðuneytið aðstoðar ekki við að finna heimilisföng, auk þess sem ekkert alríkislögbirtingablað er í Bandaríkjunum. Stefnandi leitaði þá eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefndu á hendur stefnda eftir þeim reglum sem gilda í Danmörku um birtingu stefnu á hendur aðila með óþekkt heimili. Í embættiserindi Sendiráðs Íslands í Danmörku kemur fram að stefndi hafi verið skráður úr landi í Danmörku þann 9. febrúar 1985. Samkvæmt þessu er stefndi með ókunnugt heimilisfang og hefur stefnandi enga aðra kosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi veitt Gunnhildi Jóhannsdóttur fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita námslánaskuldabréfin fyrir sína hönd og einnig að umboðsmaðurinn Gunnhildur hafi í krafti umboðs síns veitt Birni Mekkinossyni umboð til að undirrita tvö skuldabréfanna. Jafnframt er byggt á því að undirritun umboðsmannsins í umboði stefnda hafi falið í sér skuldbindandi loforð stefnda um að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Visan til helstu lagaákvæða: Visað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, reglugerðar nr. 578/1982, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 11. mars 2024.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024005559

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Kristín Valdimarsdóttir, kt. 090947-3469, Svíþjóð.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.952.146 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 90.036 frá 1. mars 2022 til 1. september 2022, af kr. 111.393 frá 1. september 2022 til 1. mars 2023, af kr. 209.837 frá 1. mars 2023 til 26. júní 2023, af kr. 1.952.146 frá 26. júní 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1013-220021. Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er til komin vegna námslána stefndu en hún fékk greidd út námslán hjá stefnanda á árunum 1983-1986. Í samræmi við lög nr. 72/1982, er giltu er lánið var tekið, gaf stefnda út skuldabréf við hverja útborgun námslána.

Alls gaf stefnda út 8 skuldabréf til stefnanda og voru þau öll upphaflega með sjálfskuldarábyrgð Einars Más Valdimarssonar, en honum er ekki stefnt í þessu máli. Um er að ræða eftirtalin skuldabréf:

Nr. T-004607 upphaflega að fjárhæð **45.300** krónur, útgefið þann **13.4.1983**, með grunnvísitölu **L-585**.

Nr. T-007601 upphaflega að fjárhæð **48.800** krónur, útgefið þann **3.8.1983**, með grunnvísitölu **L-786**.

Nr. T-010973 upphaflega að fjárhæð **60.900** krónur, útgefið þann **6.12.1983**, með grunnvísitölu **L-836**.

Nr. T-014107 upphaflega að fjárhæð **53.900** krónur, útgefið þann **19.1.1984**, með grunnvísitölu **L-850**.

Nr. T-021047 upphaflega að fjárhæð **42.300** krónur, útgefið þann **8.6.1984**, með grunnvísitölu **L-903**.

Nr. T-044914 upphaflega að fjárhæð **60.800** krónur, útgefið þann **14.10.1985**, með grunnvísitölu **L-1301**.
Nr. T- 050645 upphaflega að fjárhæð **59.300** krónur, útgefið þann **9.12.1985**, með grunnvísitölu **L-1364**.
Nr. T-054963 upphaflega að fjárhæð **94.800** krónur, útgefið þann **27.1.1986**, með grunnvísitölu **L-1396**.

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna er lánið verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu en ber enga vexti. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Endurgreiðsla hefst þremur árum eftir námslok lánþega, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð af hálfu stefnanda. Í janúar mánuði á því ári sem endurgreiðslur lánsins skyldu hefjast voru framangreind skuldabréf, sem stefnda hafði gefið út vegna lánsins, uppreiknuð miðað við grunnvísitölu þess mánaðar og sameiginleg fjárhæð þeirra færð inn í innheimtakerfi stefnanda. Vísitalan þegar skuldabréfin voru sameinuð og skráð í innheimtakerfi stefnanda var 22790, þ.e. lánskjaravísitala janúar mánaðar 1989. Þannig uppreiknuð var staða lánsins í heild 1.095.608 krónur. Af þessu tilefni fengu skuldabréfin sameiginlegt lánsnúmer í innheimtakerfi stefnanda, S-891168.

Um endurgreiðslu lánsins fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna en annars vegar er um að ræða fasta ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs og hins vegar tekjutengda ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. september 1989 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2022. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 26. maí 2023 vegna verulegra vanskila stefnduen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 209.837 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 1.742.309 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag sem var 11466.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	dags.01.03.2022	kr. 90.036
	dags 01.09.2022	kr. 21.357
	dags.01.03.2023	kr. 98.444
Samtals:		kr. 209.837
Gjaldfallnar eftirstöðvar:		kr. 1.742.309
Samtals:		kr. 1.952.146

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er búsett í Svíþjóð og var tilraun til að birta stefnu fyrir stefndu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 14. mars 2024 á skráð heimilisfang stefndu í Svíþjóð. Með bréfi þann 8. febrúar 2024 frá sýslumanninum á Suðurnesjum náðist ekki að birta fyrir stefndu og ekki talið að hægt verði að birta fyrir stefndu. Stefnandi á því ekki annan kost en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Svíþjóð auk kostnaðar af stefnubirtingu í Lögbirtingablaði. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem og til útgefina reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfa.
4. Yfirlit yfir ábyrgðir.
5. Yfirlit yfir útgefin skuldabréf.
6. Greiðsluyfirlit dags. 26. maí 2023.
7. Yfirlit stefnandi yfir stöðu lánsins dags. 26. maí 2023.
8. Yfirlit stefnanda yfir skuldabréf dags. 26. maí 2023.
9. Innheimtubréf dags. 29. mars 2022.
10. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 26. maí 2023.
11. Upplýsingar um heimilisfang stefndu úr kerfi stefnanda.
12. Reikningur vegna þýðingar stefnu dags. 31. október 2023.
13. Bréf frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa birtingu í Svíþjóð dags. 8. febrúar 2024.
14. Birtingavottorð frá sænskum yfirvöldum dags. 12. janúar 2024.
15. Afrit af þýddri stefnu yfir á sænsku sem þingfesta átti þann 14. mars 2024.
16. Greiðsla vegna birtingar í Lögbirtingablaði.

Áskorun og fyrirfall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. febrúar 2024.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024005567

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Glauca Da Conceicao Pereira, kt. 010581-3629, óþekkt heimilisfang erlendis.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 21.115.761, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 21.115.761 frá 1. nóvember 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer 00331-240021.

Þess er einnig krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda bankakostnað að fjárhæð 35.220 kr.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á verðtryggðu skuldabréfi nr. 89093 útgefnu af stefndu í Reykjavík þann 28. maí 2018, sbr. dskj. nr. 3. Með útgáfu skuldabréfsins viðurkenndi stefnda að skulda stefnanda kr. 17.185.000 en fjárhæðin skyldi vera vísitölutryggð m.v. vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 452,00. Skuldina skyldi endurgreiða með 480 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 1. júlí 2018. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi greiða breytilega vexti íbúðalána af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var á hverjum tíma. Vextir skyldu reiknast frá kaupdegi skuldabréfsins og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldabréfsins var fasteignin Efstasund 100, Reykjavík, fastanr. 202-0532, Reykjavík sett að veði með 3. veðrétti og uppfærslurétti.

Gjaldldagi skuldabréfsins þann 1. nóvember 2023 var ekki greiddur og var skuldabréfið gjaldfelld af þeim sökum, miðað við þann dag, með heimild í skilmálum skuldabréfsins. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 21.115.761, sem er stefnufjárhæð málsins. Þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls 15.866.358 kr., verðbætur á höfuðstól 5.191.669 kr., vextir 43.500 kr. og verðbætur á vexti 14.234 kr.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber stefndu að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda með óþekkt heimilisfang í útlöndum en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi stefnubirtingu er vísað til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 og um varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laganna.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Skuldabréf nr. 89093.
4. Staða láns.
5. Gjaldskrá Arion banka hf.
6. Upplýsingar úr Þjóðskrá.
7. Veðbandayfirlit.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 16. maí 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfaranhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 5. mars 2024.

F. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2024005570

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Héraðsdómur Reykjaness,

Jónas Jóhannsson dómstjóri,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Þórólfur Árnason lögmaður, að hann þurfi f.h. Sunnuhlíðar, bygginga, kt. 681295-3569, Kópavogsbraut 1, Kópavogi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tryggingarbréfi.

Fyrirsvar og málflutningsumboð: Í fyrirsvari fyrir stefnanda Sunnuhlíð, byggingar, er Gunnsteinn Sigurðsson, stjórnarformaður, Grandahvarfi 3, Kópavogi. Undirritaður lögmaður Árni Þórólfur Arnason með starfsstöð að Tjarnargötu 36, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur í máli þessu að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, með þingl.nr. S-000486/2010, útgefið í Kópavogi þann 26. janúar 2010 af stefnanda, að fjárhæð kr. 17.765.000, til tryggingar skilvísri og skaðlausri endurgreiðslu á íbúðarréttargjaldi, skv. samningi um íbúðarrétt, dags. 12. nóvember 1991.

Með tryggingarbréfinu setti stefnandi íbúð nr. 304, Fannborg 8, Kópavogi, fastanr. 206-0437, Helgu Guðmundsdóttur, kt. 250622-2369, að veði á 1. veðrétti.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málsatvik vera þau að þann 26. janúar 2010 hafi stefnandi gefið út tryggingarbréf með veði í fasteign sinni að Fannborg 8, Kópavogi, íbúð 304, fastanr. 206-0437, að fjárhæð kr. 17.765.000. Tryggingarbréfinu er þinglýst á fasteignina, sbr. þinglýst skjal með þinglýsingarnúmerið S-000486/2010. Um nánari lýsingu á tryggingarbréfinu kveðst stefnandi vísa til efnis tryggingarbréfsins, sjá dskj. 2.

Stefnandi kveður tryggingarbréfið hafa þegar verið greitt upp að fullu og að það sé óumdeilt.

Stefnandi kveður ástæður þess að nauðsynlegt sé að ógilda tryggingarbréfið vera þær að frumrit þess hafi glatast og að það hafi ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit. Stefnandi kveðst ekki eiga von á því að finna tryggingarbréfið úr þessu.

Stefnandi kveður af þeim sökum nauðsynlegt að fá ógildingardóm um tryggingarbréfið, þannig að hann geti ráðstafað því sem tryggingarbréfið hljóðar um eins og hann hefði það undir höndum, svo sem aðallega til þess að aflýsa því af áðurgreindri fasteign við Fannborg 8, Kópavogi, íbúð 304.

Stefnandi kveður ekki varhugavert að fallast á kröfur hans í máli þessu enda er tryggingarbréfið eingöngu til tryggingar á íbúðarréttargjaldi sem þegar hefur verið endurgreitt.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til 120. gr. og 121. gr. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi heimild til útgáfu ógildingarstefnu og varnarþing.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Nr. 1. Stefnu þessa.

Nr. 2. Afrit af tryggingarbréfi með veði í fasteign, dags. 26. janúar 2010.

Nr. 3. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefnan er birt í.

Nr. 4. Gildandi skráningu fyrir Sunnuhlíð, byggingar.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram og afla frekari gagna, reifa málið frekar og hafa uppi frekari röksemdafærslu, lýsa nánar málavöxtum og málástæðum og taka skýrslur á síðari stigum þessa, eftir því sem tilefni gefst til, það er ef tekið verður til varna.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreint tryggingarbréf í fórum sínum eða telur til réttar yfir tryggingarbréfinu, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal 1 sama dóms, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 8. maí 2024, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingarbréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 12. mars 2024.

F. h. Héraðsdóms Reykjaness,

Jónas Jóhannsson dómstjóri.

(2024005584

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Fjola Karen Ásmundsdóttir, kt. 230182-3029, með óþekkt heimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.981.470 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, en af kr. 317.069 frá þeim degi til 2. janúar 2022, en af kr. 1.981.470 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-72879.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda veitti hún Henný Ásmundsdóttur, kt. 290776-3689, fullt og ótakmarkað umboð til að annast lántöku hjá stefnanda og til að undirrita fyrir sína hönd skuldabréf til tryggingar námsláninu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. R-036140 þann 15. nóvember 2001 upphaflega að fjárhæð kr. 1.437.881. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 221,8 stig sem er vísitala neysluverðs í september 2002. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 30. september 2002 en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. R-036140, sbr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 602/1997 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1. mars 2021 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. R-036140 felld í gjalddaga þann 2. desember 2021.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi

1. mars 2021

1. september 2021

Gjaldfelldar eftirstöðvar 2. desember 2021

Upphæð

145.023

172.046

1.664.401

Eða alls kr. 1.981.470 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili í Bandaríkjunum hjá Þjóðskrá Íslands. Stefndi leitaði til samstarfsaðila TCM í Bandaríkjunum um að finna heimilisfang hjá stefndu. Heimilisfang fannst tvisvar sinnum á árunum 2022 og 2023. Reynt var að birta stefnu hjá stefndu, en án árangurs þar sem stefnda bjó ekki á uppgefnum heimilsföngum. Ekki hefur tekist að finna annað heimilisfang hjá stefndu í Bandaríkjunum. Stefnda er því með ókunnugt heimili í Bandaríkjunum. Stefndi hefur áður leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnu á hendur aðila með óþekkt heimili í Bandaríkjunum. Í embættisbréfi Sendiráðs Íslands í Washington kemur fram að sendiráðið hafi átt fund með fulltrúum bandaríska dómsmálaráðuneytisins sem hafi upplýst að löggjöf Bandaríkjanna geri ekki ráð fyrir birtingu stefnu sé heimilisfang óþekkt. Engin miðlæg skrá sé til í Bandaríkjunum yfir heimilsföng og bandaríska dómsmálaráðuneytið aðstoði ekki við að finna heimilsföng. Jafnframt hafi verið upplýst að ekkert alríkislögbirtingarblað sé í Bandaríkjunum. Samkvæmt þessu hefur stefndi enga aðra kosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.

Stefndi byggir á því að stefnda hafi veitt Henný Ásmundsdóttur fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita námslánaskuldabréfið fyrir sína hönd. Jafnframt er byggt á því að undirritun umboðsmannsins í umboði stefndu hafi falið í sér skuldbindandi loforð stefndu um að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu

sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 602/1997 og nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr 42. gr. laga nr 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. mars 2024.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024005597

Útgáfud.: 27. mars 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Páll Kristinsson, kt. 271072-3849, með óþekkt heimilisfang í Danmörku.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.367.062, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 1.367.062 frá 7. júní 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer 00322-230150.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0319-26-008019. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna samnings um yfirdráttarlán á veltureikningi hjá stefnanda þar sem stefndi lofaði að taka að láni og stefnandi lofaði að lána allt að kr. 1.300.000, sbr. dskj. nr. 6. Stefndi auðkenndi sig í netbanka stefnanda og sótti þar um yfirdráttarheimild á framangreindum reikningi. Þar staðfesti hann að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánessamninginn, sbr. dskj. nr. 7, og upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði auk þess sem hann samþykkti lánessamninginn. Yfirdráttarlánið var í kjölfarið afgreitt.

Samkvæmt skilmálum samningsins skyldi endurgreiða skuldina með einni greiðslu þann 18.10.2023. Lánið skyldi bera yfirdráttarvexti samkvæmt nánari útlistun í lánessamningnum.

Þar sem skuldin fór yfir heimild var lánessamningnum sagt upp, sbr. gr. 5.1a. í lánessamningnum, þann 07.06.2023. Nam þá uppsöfnuð skuld kr. 1.367.062, sem er stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þeim degi sem eftirstöðvar skuldarinnar voru gjaldfelldar, sbr. framangreint, til greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.5 og ákvæði um uppsögn lánessamnings í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi sagður búsettur í Danmörku en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Innheimtuviðvörðun.
5. Innheimtubréf.
6. Samningur um yfirdráttarlán.
7. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
8. Óbirt stefna.
9. Útprentun úr Þjóðskrá.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 16. maí 2024, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 5. mars 2024.

F.h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2024005600

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Hraði fatahreinsun ehf.***Kt.:* 520324-1270.*Heimili og varnarþing:* **Ægisíðu 115, 107 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 11. mars 2024.*Stofnendur:* Jakob Luu, kt. 261266-2109, Vesturbergi 36, 111 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 11. mars 2024.*Stjórnarmaður:* Jakob Luu. Varastjórn: Fjóla Thao Pham, kt. 301275-3159, Vesturbergi 36, 111 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Fjóla Thao Pham, Jakob Luu.*Skodunarmaður/endurskoðandi:* Steinunn Á. Frimannsd. Blöndal, kt. 110663-2859, Krosshömrum 19A, 112 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur þvottahúss og efnalaugar. Kaup, sala, leiga og rekstur fasteigna og lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024005544)

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **LS 24 ehf.***Kt.:* 530324-0600.*Heimili og varnarþing:* **Ólafsgesla 119, 113 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 7. febrúar 2024.*Stofnendur:* Arinbjörn Marinósson, kt. 280481-3009, Friggjarbrunni 13, 113 Reykjavík, Hrafnkell Markússon, kt. 150477-3799, Ólafsgesla 119, 113 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 7. febrúar 2024.*Stjórnarmaður:* Hrafnkell Markússon. Varastjórn: Íris María Stefánsdóttir, kt. 081179-3609, Ólafsgesla 119, 113 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Arinbjörn Marinósson.*Prókúruumboð:* Hrafnkell Markússon, Arinbjörn Marinósson.*Skodunarmaður/endurskoðandi:* Edda Snorraddóttir, kt. 301176-5549, Bollagörðum 51, 170 Seltjarnarnes.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilangur félagsins er uppbygging á ferðaþjónustu með útleigu smáhýsa á landareign við Seljaland.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024005545)

Útgáfud.: 26. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Elabes ehf.***Kt.:* 540324-1230.*Heimili og varnarþing:* **Hæðargarði 56, 108 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 11. mars 2024.*Stofnendur:* Emanuil Labes, kt. 121183-3749, Hæðargarði 56, 108 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 11. mars 2024.*Stjórnarmaður:* Emanuil Labes. Varastjórn: Jurijs Kornilovs, kt. 200778-4139, Mjósundi 13, 220 Hafnarfjörður.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Emanuil Labes.*Prókúruumboð:* Emanuil Labes.*Skodunarmaður/endurskoðandi:* Guðrún Sif Bjarnfríðardóttir, kt. 190690-3269, Unufelli 23, 111 Reykjavík, Ófeigur Guðmundsson, kt. 010258-3679, Háaleitisbraut 121, 108 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Verktakavinna. Uppsetning innréttinga, almenn byggingavinna. Inn- og útflutningur. Kaup og sala eigna. Smásala og heildsala.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024005546)

Lögbirtingablað,

26. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.